6. bekkur íslenska 2020-2021

Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum, talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Við teljum að eðlilegt sé að samþætta íslenskukennslu og vinna að markmiðunum í öllum flokkum til þess að nemendur geri sér grein fyrir að íslenskunám er ein heild. í Aðalnámskrá grunnskóla 2013 segir að „Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk í athugun á texta og töluðu máli. Við teljum að með samþættingu sé frekar hægt að glæða áhuga nemenda á náminu og auka skilning á samhenginu.
Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans vegna þess að skólinn er virkur þátttakandi í máluppeldi barnsins ásamt heimili þess.
Eftirfarandi námsáætlun gerir ráð fyrir að reynt sé að vinna að markmiðunum í öllum greinum íslenskunnar. Einnig samþættum við markvisst íslensku og samfélagsfræði.

Íslenska, kennsluáætlun

25.janúar-26. mars 2021

Þema - Sagnorð, lýsingarorð og nafnorð

Við vinnum nú áfram með sagnorð og lýsingarorð frá því í haust og rifjum upp nafnorðin frá fyrri tíð. Við leggjum séstaka áherslu á fallbeygingu bæði með og án greinis. Við vinnum sérstakt verkefni í Book Creator með fallbeygingu auk ýmissa annarra verkefna úr smiðju kennarans og Orðspor 2. Áhersla er einnig á að æfa krakkana í að nota hjálpargögn svo sem málið.is. Nú reynum við líka enn einu sinnu að benda þeim á að lesa leiðbeiningar áður en spurt er. Vísum á námsáætlun fyrir 6. bekk sem hér fylgir á eftir. Þar koma fram hæfniviðmið og er merkt fyrir framan með bláum krossi x við þau viðmið sem við vinnum mest með þetta tímabil.

Talað mál og hlustun

Þjálfa framsögn með því að lesa upphátt ýmsa texta t.d. ljóð, sögur og leikrit. Nemendur eiga að læra ljóð utan að hálfs mánaðarlega og flytja þau fyrir bekkinn. Einnig munum við halda bekkjarfundi til að þjálfa skoðanaskipti.

Lestur og bókmenntir

Lesum alls konar texta en reynum að finna fjölbreyttan texta sem tengist umfjöllun sögurammans Reikistjörnur. Lögð áhersla á lesskilning og að auka orðaforða með öllum leiðum. Nýtum bækurnar: Annar Smellur, Orðspor 2, Geimurinn, smáforrit og efni á netinu. Nemendur hlusta á söguna Blái hnötturinn í nestistímum. Unnin verkefni úr sögunni. Ætlum að hafa orðtak eða málshátt vikunnar sem verður unnið með sérstaklega, bæði merkingu og hvernig við getum notað þau.

Námsmat: Gefið fyrir lesskilningsverkefni úr bókinni Geimurinn.

Allir verða með frjálslestrarbók og merkja við lestur heima á þar til gert blað, lestrarkort. Í lok hvers mánaðar skrifa allir bókarýni.

Ritun

Vinna með alls konar ritun t.d. stuttar sögur, heimildarritgerðir, viðtöl og fl. Unnið með stafsetningu og skrifaðar æfingar. Skrift æfð sérstaklega þegar nemendur skrifa upp ljóðin sem þeir læra utan að.
Námsmat: Stafsetningaræfingar eftir upplestri eða afritun, gefið fyrir ritun í Sögurammanum Reikistjörnur.

Málfræði

Læra um sagnorð, nafnorð og lýsingarorð í alls konar texta. Sérstök áhersla á fallbeygingu. Vinna verkefni t.d. í Málrækt, Orðspor 2, ýmis útiverkefni og leikir úr smiðju kennarans.
Námsmat: Könnun í fallbeygingu o.fl. í byrjun febrúar.

Hæfniviðmið **Við lok 6 . bekkjar getur nemandi:**	**Námsþættir**	**Námsefni/Kennslugögn**	**Leiðir/Kennsluhættir**	**Matsviðmið/Námsmat**
Talað mál og hlustun og áhorf x-tjáð sig skýrt og áheyrilega x-geti gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar x-tjáð eigin skoðanir og tilfinningar x-hlustað og greint frá aðalatriðum	- Lestur - Ljóð - Bókmenntir - Upplýsingamennt - Lesskilningur - Hlustun	- Námsbækur - Ljóðabækur - Upplestur/hljóðbók - Frjálslestrarbækur - Sögurammarnir: Reikistjörnurnar, Snorri Sturluson	- Innlagnir - Umræður - Kynningar á eigin verkefnum - Flutningur á ljóðum - Umræður í tímum og á bekkjarfundum	-Hlustunarverkefni -Kynningar á verkefnum í tengslum við söguramma Verkefni nemenda metin jafn óðum.

x−hlustað með athygli á upplestur, frásagnir og fyrirmæli og sett sig í spor annara -nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt	- Sögurammar í samfélagsfræði og náttúrufræði - Lífsleikni - Bekkjarfundir	- Verkefni frá kennurum - Vefmiðlar - Vefsíður	- Upplestur - Jafningjafræðsla - Samvinna í tímum - Hlustunarverkefni - Endursögn - Einstaklings-, para- og hópverkefni	
Lestur og bókmenntir x-lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað x-greint og fjallað um aðalatriði í texta x−lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur og ljóð −greint einkenni þjóðsagna og geti fundið þau í sögum x−greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sögusvið, boðskap, aðal- og aukapersónur −beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rími, hrynjanda	- Lesskilningur - Leshraði - Upplýsingaöflun - Lestur gamalla og nýrra bókmennta sér til gamans og til fróðleiks - Lestur texta við hæfi hvers og eins, áhersla lögð á orðaforða og skilning texta - Aðal–og aukapersónur - Þjóðsögur - Rím - Líkingar - Leikrit	- Námsbækur - Bókmenntatextar - Ljóðabækur - Frjálslestrarbækur - Verkefni frá kennurum - Vefefni - Þættir af netmiðlum	- Innlagnir - Umræður - Fjölbreyttar lestraraðferðir - Einstaklings-, para- og hópverkefni - Einstaklingsmiðaðir lesskilnings- og lestrar hópar - Valdar sögur lesnar, ræddar og unnin verkefni - Munnleg og skrifleg verkefni í tengslum við bókmenntir og ljóð. Samþætting við samfélagsfræði,	-Hraðlestrarpróf -Lesskilningspróf -Verkefni metin í bókmenntum -Leiðsagnarmat í ljóðum -leiðsagnarmat í öllum þáttum Verkefni nemenda metin jafn óðum

boðskap, auk nokkurra hugtaka myndmáls x–valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju	- Orðskýringur Val á fjölbreyttu lesefni sér til ánægju		náttúrurfræði, tónmennt og upplýsingatæknimennt	
Ritun x–samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu, x–unnin heimildarritgerð með fleiri en einni heimild x-beitt réttri ritgerðaruppsetningu og kynnist skráningu heimilda x-beitt nokkrum atriðum stafsetningar og greinamerkja-setningar x–skrifað texta í spjaldtölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu	- Fjölbreytt ritunarverkefni - ritgerðir - fjölbreyttar stafsetningaræfingar - áhersla á vönduð vinnubrögð, skrift og frágang við úrlausn verkefna	- Innlagnir - Umræður - Einstaklings-, para- og hópverkefni - Kynningar - viðtöl - Leikir - Yfirlestur á eigin verkum og annarra - Afritun	- Alls konar skrifleg verkefni sem hjálpa til við að ná hæfniviðmiðum. - Leggjum áherslu á skipulag ritunar svo sem upphaf, miðju og endi. - Nýtum okkur: Námsbækur, - Vefefni - Verkefni frá kennara - Sóknarskrift Reynum að tengja ritunarverkefnin því sem við erum að fjalla um í öðrum námsgreinum.	- Stafsetningarpróf Leiðsagnarmat - Frágangur í vinnubókum - Ritunarverkefni Verkefni nemenda metin jafn óðum
Málfræði x-áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð,	- Fjölbreyttar málfræðiæfingar	- Námsbækur	- Innlagnir	

nafnorð og lýsingarorð og hafi góð tök á að greina texta í þessa flokka -beitt þekkingu sinni á málfræði til að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins x-þekkt muninn á orðtökum og málsháttum x-gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu	- Notkun á orðtökum og málsháttum - Orðflokkagreining - Stafsetning	- Orðabækur og önnur uppflettirit - Vefefni - Verkefni frá kennara	- Æfingar - Skoðum tengsl á milli málfræði og stafsetningar - Umræður - Einstaklings-, para- og hópverkefni - Leikir	- Málfræðipróf í fallbeygingu o.fl - Verkefnavinna - Leiðsagnarmat Verkefni nemenda metin jafn óðum